

# Samráðshópur um forvarnir í Reykjavík

## Reglur um styrkúthlutanir úr forvarnarsjóði Reykjavíkurborgar

### 1.gr.

Afgreiðsla styrkja úr forvarnarsjóði Reykjavíkurborgar og meðferð umsókna fylgja almennum reglum um styrkjaúthlutanir Reykjavíkurborgar. Umsóknum skal skila inn fyrir 1. október og 1. mars en afgreiðslu skal að öllu jöfnu lokið 1. nóvember og 1. apríl ár hvert.

### 2.gr.

Markmið með styrkjum úr forvarnarsjóði er að styrkja samstarfsverkefni á sviði forvarna til samræmis við forvarnastefnu Reykjavíkurborgar, sjá [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is). Þar er lögð áhersla á að bæta andlega líðan, heilsu og jákvæða sjálfmynd barna og ungmenna sem og að draga úr og hindra neikvæða hegðun, svo sem vímuefnaneyslu, ofbeldi og afbrot. Ennfremur er stefnt að öflugum samstarfi þeirra aðila sem koma að málefnum barna og ungmenna í hverfum borgarinnar.

### 3.gr.

Hægt er að sækja um styrki til forvarnarverkefna á eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu Reykjavíkurborgar [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is).

- Verkefni skulu vera unnin í samvinnu að minnsta kosti tveggja aðila með áherslu á nærsamfélagið. Með samvinnuverkefnum er átt við verkefni þar sem allir aðilar verkefnisins hafa sameiginleg markmið, sem þeir vinna að og taka sameiginlega ábyrgð á.
- Stofnanir, einstaklingar og félög geta sótt um styrki. Í umsókn skal m.a. tilgreina:
  - ábyrgðarmann verkefnisins
  - hvert er framlag hvers og eins samstarfsaðila til verkefnisins
  - hvernig meta eigi árangur
- Áhersla er lögð á verkefni sem lúta að beinni vinnu með börnum og unglingum og/eða foreldrum, til útgáfu á bæklingum, skriflegu fræðsluefni fyrir foreldra eða börn, veggspjöldum og til rannsókna.
  - aðkeypt verkefni eru ekki styrkhæf, nema þau falli undir skilgreiningu um samvinnu
  - styrkir eru ekki veittir til verkefna sem þegar er lokið

### 4.gr.

Allar styrkumsóknir eru lagðar fyrir Samráðshóp um forvarnir í Reykjavík til umsagnar og samþykktar í velferðarráði. Öllum umsóknum verður svarað skriflega.

**5.gr.**

Styrkþegar skulu láta þess getið að forvarnasjóður Reykjavíkurborgar hafi styrkt verkefnið. Ábyrgðarmaður verkefnis sem hlotið hefur styrk úr sjóðnum skal skila greinargerð um ráðstöfun styrkfjár, mati á árangri og áætlun um hvernig niðurstöðum verði miðlað til annarra við lok verkefnis innan árs Greinargerðinni skal skila á sérstöku eyðublaði sem er aðgengilegt á [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is) og hjá þjónustumiðstöðvum borgarinnar.

Hámarks styrkupp hæð sem veitt er úr sjóðnum er 500.000 kr.

Umsóknnum skal skilað til Samráðshóps um forvarnir í Reykjavík, Velferðarsviði Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík. Umsóknir má einnig senda rafrænt á netfangið: [velferd@reykjavik.is](mailto:velferd@reykjavik.is)

Úthlutunarreglur um styrkveitingar Reykjavíkurborgar má sjá á [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is).

**Samþykkt í velferðarráði 10. janúar 2007 og í borgarráði 22. febrúar 2007 með breytingum sem samþykkt voru í velferðarráði 28. september 2009 og í borgarráði 15. október 2009**